

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 22. nóvember 2006 í máli nr. S-1150/2006:

**Ákærvaldið**

*(Ásgeir Eiríksson fulltrúi)*

**gegn**

**Mána Freysteinssyni**

*(Hilmar Ingimundarson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 9. nóvember sl., er höfðað með ákæru sýslumannsins í Keflavík, dagsettri 25. ágúst 2006, gegn Mána Freysteinssyni, kt. 000000-0000, Hverfisgötu 55, Reykjavík, „fyrir akstur undir áhrifum örvandi og deyfandi efna, með því að hafa, mánudaginn 27. mars 2006, ekið bifreiðinni G-15649, syfjaður og undir áhrifum amfetamíns og klónazepams, austur Reykjanesbraut, skammt austan við Vogaveg, en ákærði var mjög sljór og með skerta aksturshæfni vegna lyfja- og fíkniefnaneyslu og svefnhöfði og var þannig á sig kominn ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega þannig að hann sofnaði og bifreiðin fór út af veginum og valt (ML 34-2006-3280).

Telst þetta varða við 1. mgr. og 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar sbr. 100. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 57/1997 og sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993.“

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins auk þess sem ákærði krefst þess að sakarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans.

*Málavextir.*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dagsettri 3. apríl 2006 barst lögreglu tilkynning frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar 27. mars sl. kl. 9:40 um bílveltu á Reykjanesbraut á Strandarheiði skammt austan við Vogaveg. Sjúkrabifreið hefði verið leið á vettvang. Fram kemur að skýrsluhöfundur hafi verið staddur á Reykjanesbraut skammt vestan við Vogaveg og því komið fljótt á vettvang. Þar hafi hann séð bifreiðina á hvolfi sunnan megin við veginn og hefði ákærði, sem var ökumaður bifreiðarinnar, verið kominn út úr bifreiðinni og setið í bifreið vegfaranda sem hafði komið þar að. Ákærði hefði sagst finna mjög til í höfði og vera aumur í öxlum en talið sig óbrotinn. Aðspurður hefði ákærði lýst því að hann hefði sofnað og það væri skýringin á því sem komið hefði fyrir.

Vegfarandinn hefði lýst atvikum á þann veg að hann hefði ekið á eftir bifreið ákærða áleiðis til Reykjavíkur og séð hvar hún byrjaði allt í einu að rása og síðan farið út af veginum. Vegfarandinn hefði stöðvað bifreið sína og hlaupið að bifreið ákærða og brotið hliðarrúðu svo hann kæmist út.

Er því lýst í frumskýrslu að á vettvang hafi komið sjúkrabifreið sem flutti ákærða á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en dráttarbifreið hefði flutt bifreiðina af vettvangi. Þá hefðu komið á vettvang tveir aðrir lögreglumenn. Þá hafi Hulda Rósa Þórarinsdóttir læknir, sem tók á móti ákærða á sjúkrahúsinu, haft samband við Skúla Jónsson aðalvarðstjóra og tjáð honum að ákærði hefði ekki verið í ástandi til að aka og að hann hefði sagt henni að hann hefði sprautað sig með rítalíni skömmu áður en akstur hófst.

Á sjúkrahúsinu hefði Hulda Rósa læknir tekið þrjú blóðsýni úr ákærða, merkt 36588, kl. 11:20 vegna gruns um akstur undir áhrifum lyfja. Ekki hefði verið unnt að taka þvagsýni þar sem ógerlegt hefði verið að ná sambandi við ákærða sem hefði sofið mjög fast. Kl. 12:25 hefðu önnur þrjú blóðsýni verið tekin úr ákærða, merkt 36589, en ekki hefði reynst unnt að ræða við ákærða þar sem hann hefði enn verið í fasta svefni. Um kl. 18:00 hefði lögreglu verið tilkynnt að búið væri að útskrifa ákærða og hefði hann því verið sóttur og þá hefði verið tekin af honum framburðarskýrsla en að skýrslutöku lokinni hefði ákærði verið frjáls ferða sinna.

Meðal rannsóknargagna málsins er matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 8. júní sl. sem unnin er af Jakobi Kristinssyni dósent og Guðlaugu Þórsdóttur lækni. Þar kemur fram að í blóðsýni úr ákærða hafi ekki fundist alkóhól en hins vegar hefðu mælst í blóðinu 130 ng/ml af amfetamíni, 13 ng/ml af klónazepam og 1,3 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli. Hins vegar hefði metýlfenídat (rítalín) ekki verið mælanlegt í blóðinu. Segir í matsgerðinni að amfetamín hafi örvandi áhrif á miðtaugakerfið en sé ekki talið draga úr aksturshæfni í lækningalegum skömmtum. Í blóði ákærða hafi styrkur amfetamíns verið heldur hærri en búast má við eftir hæstu lækningalega skammta. Um

klónazepam segir að það sé flogaveikilyf sem hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti dregið úr aksturshæfni í lækningalegum skömmtum en styrkur þess í blóði ákærða umrætt sinn sé eins og eftir fremur lága lækningalega skammta. Einnig kemur fram í matsgerðinni að tetrahýdrókannabinól sé hið virka efni í kannabis en það hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti dregið úr aksturshæfni en styrkur efnsisins í blóði ákærða hafi mælst fremur lágur. Segir síðan að ökumaður hafi verið undir örvandi áhrifum amfetamíns og vægum slævandi áhrifum klónazepams þegar blóðsýnið var tekið kl. 11:20 en styrkur tetrahýdrókannabinóls sé það lágur að hann hafi ekki verið undir marktækum áhrifum þess kl. 11:20. Loks segir: „Gera má ráð fyrir að sá tími sem leið frá 09:40 til 11:20 hafi ekki haft marktæk áhrif á styrk amfetamíns eða klónazepams í blóði en styrkur tetrahýdrókannabinóls kann að hafa verið töluvert miklu hærri. Ekki er þó hægt að reikna út frá mælingu í einu blóðsýni hver hann kann að hafa verið.“

Verður nú rakinn framburður ákærða og vætti vitna fyrir dóminum.

Ákærði hefur neitað sök. Hann kvaðst umræddan morgun hafa ekið bifreiðinni G-15649 áleiðis frá Keflavík til Reykjavíkur eftir að hafa sótt bifreiðina fyrr um morguninn á lögreglustöðina í Keflavík. Eftir að hafa ekið um stund hefði hann sofnað undir stýri enda hefði hann verið mjög syfjaður en hann hafði verið í mikilli vinnu áður en þetta var auk þess sem hann hefði gisti á lögreglustöðinni í Reykjavík næstu nótt á undan. Hann hefði verið syfjaður og dottað og því ætlað að stöðva aksturinn en verið of seinn og sofnað. Síðan hefði hann rankað við sér þegar bifreið fyrir aftan hann flautaði en þá hefði bifreið hans verið á leið út af veginum. Kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við það að bifreið hans rásaði en taldi aksturinn hafa gengið vel þar til hann missti stjórn á bifreiðinni og fór út af. Taldi hann aðspurður að líklegt væri að þreyta hans hefði haft áhrif á aksturslag hans.

Ákærði kvaðst hvorki hafa verið undir áhrifum fíkniefna né lyfja við aksturinn umrætt sinn. Mundi hann ekki eftir að hafa neytt hass skömmu fyrir aksturinn en taldi að hann gæti hafa notað það tveimur mánuðum áður og þá gæti verið að hann hefði fengið klónazepam hjá lögreglunni í Reykjavík þegar hann gisti á lögreglustöðinni nóttina áður. Einnig hefði hann tekið ritalín að læknisráði. Hins vegar gat ákærði aðspurður hvorki skýrt mælt amfetamín í blóði sínu né aðrar niðurstöður framangreindrar matsgerðar rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Ákærði neitaði að hafa neytt amfetamíns.

Vitnið *Jón Halldór Sigurðsson* rannsóknarlögreglumaður kvaðst hafa verið á útkallsbifreið í Grindavík þegar útkall barst. Þegar hann hefði verið kominn á vettvang hefði ákærði verið kominn yfir í lögreglubifreiðina hjá Guðmundi Sæmundssyni lögreglumanni. Sá sem hefði komð á vettvang hefði verið farinn.

Vitnið kvaðst strax hafa áttað sig á því hver ákærði var þegar hann talaði við Guðmund lögreglumann inn um opnar dyr lögreglubifreiðarinnar og spurt Guðmund hvort hann þekkti ákærða og hefði Guðmundur jánkað því. Hefði vitnið haft ýmis afskipti af ákærða áður fyrr. Vitninu hefði einnig verið ljóst að ákærði var vankaður og bersýnilega utan við sig. Vitnið kvaðst ekki hafa talað við ákærða umrætt sinn og ekki hafa vitað að hann kvartaði undan óþægindum í höfði. Vitnið kvað þá Guðmund síðan hafa ákveðið að vitnið myndi ganga frá málinu að því er varðaði bílflakið en Guðmundur myndi klára málið að öðru leyti. Skömmu síðar hefði sjúkrabíll komið þar að og flutt ákærða á sjúkrahús.

Vitnið *Guðmundur Sæmundsson* lögreglumaður kvaðst hafa verið staddur við umferðareftirlit á Reykjanesbraut við Vogaaflleggjara þegar hann fékk tilkynningu um umræddan atburð. Þegar hann hafi komið á vettvang hafi verið bifreið á hvolfi utan vegar en ökumaður hefði setið inni í annarri bifreið þar skammt frá. Vitnið kvaðst hafa rætt við ökumanninn sem hefði haldið um höfuð sér og sagst kenna til í höfði. Ekki hefði verið hægt að finna áfengislykt af honum og þá hefði ekki verið hægt að merkja að hann væri undir áhrifum fíkniefna. Ökumaður hefði sagst hafa verið þreyttur og sofnað við aksturinn. Ökumaðurinn hefði verið fluttur á sjúkrahús með sjúkrabifreið skömmu síðar og þar hafi verið tekið af honum blóðsýni. Um hádegisbil hefði ákærði sofið svo fast að ekki hefði verið unnt að taka af honum þvagsýni. Hins vegar hefði lögregla náð í ákærða á sjúkrahúsið um sexleytið og þá hefði verið tekin af honum lögregluskýrsla en hann hefði þá virst vera nokkuð hress.

Vitnið *Jónas Ómar Snorrason* kvaðst hafa ekið umrætt sinn frá Keflavík til Reykjavíkur og tekið eftir því að hvít bifreið fyrir framan hann hefði rásað og að lokum steypst út af veginum. Kannaðist vitnið ekki við að hafa flautað fyrir aftan bifreiðina. Vitnið kvaðst hafa talið þetta geta orðið stórslys og því hefði hann hringt í lögreglu. Ökumaðurinn hafi ekki komist út úr hvítu bifreiðinni af sjálfsdáðum fyrr en vitnið hafði brotið bílstjórarúðuna. Hefði ökumaðurinn síðan sest inn í aðra bifreið. Kvaðst vitnið ekki hafa rætt frekar við ökumanninn og kvaðst hann ekki hafa tekið eftir neinu sérstöku við ástand ökumannsins.

Vitnið *Jakob Kristinsson* dósent í eiturefnafræði við læknadeild Háskóla Íslands gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann staðfesti matsgerð sína í málinu. Vitnið kvað mælingarnar hafa verið gerðar á því blóðsýni sem fyrr var tekið umrætt sinn. Ekkert ritalín hefði fundist í sýninu en styrkur amfetamíns hefði verið við efstu mörk lækningalegra skammta, klónazepam hefði verið fremur lítið og tetrahýdrókannabínól hefði ekki verið mjög hátt og ekki gefið tilefni til að halda að viðkomandi hefði verið undir miklum áhrifum tetrahýdrókannabínóls þegar blóðsýnið var tekið.

Þegar amfetamín magnið er ekki meira en þetta kvað vitnið erfitt að fullyrða að það hafi haft marktæk áhrif á aksturshæfni og sé ekkert hægt að fullyrða um það. Sama eigi við um mælt magn klónazepams í blóði viðkomandi öikumanns. Hins vegar sé ljóst að öikumadurinn hafi verið undir töluverðum örvandi áhrifum amfetamíns. Ekki væri hægt að fullyrða hvenær amfetamínið var tekið inn en þó taldi vitnið líklegt að það hefði gerst innan við sólarhring áður en sýnið var tekið en ólíklegra væri að það hefði verið tekið 2 sólarhringum fyrr. Erfitt sé að sofa með svo mikið magn af amfetamíni í blóði nema menn séu ofurþreyttir. Þá taldi vitnið klónazepam geta aukið á þreytu án þess þó að hægt væri að leggja mat á hversu sterk þau áhrif séu.

Aðspurt sagði vitnið að út frá þeim mælingum sem gerðar voru umrætt sinn og með hliðsjón af því sem fannst, þurfi að leggja mat á hvert efni fyrir sig. Amfetamínið hafi örugglega haft örvandi áhrif en magnið hafi þó ekki verið svo mikið að hægt sé að segja eindregið að ákærði hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Klónazepamið og tetrahýdrókannabínólíð sé svo lítið að ekki verði fullyrt að það hafi valdið því að ákærði gæti ekki stjórnað bifreið örugglega.

#### *Niðurstæða.*

Fyrir liggur að ákærði ók Reykjanesbraut í átt til Reykjavíkur umrætt sinn og missti stjórn á bifreið sinni svo hún hafnaði á hvolfi utan vegar. Ákærði hefur játað að hafa verið þreyttur og syfjaður og dottað við aksturinn og gaf þá skýringu að hann hefði unnið mikið en sofið lítið áður en umrætt atvik átti sér stað. Hann hefur hins vegar neitað því að hafa tekið inn lyf eða fikniefni nema ritalín að læknisráði, auk þess sem hann taldi mögulegt að hann hefði fengið klónazepam hjá lögrelunni í Reykjavík nóttina áður. Stangast þessi framburður ákærða að mestu á við niðurstöðu framlagðrar matsgerðar rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði þar sem fram kemur að í blóði ákærða voru efnin amfetamín, klónazepam og tetrahýdrókannabínól. Ákærði gat ekki gefið skýringar á því að tilgreind efni fundust í blóði hans umrætt sinn ef frá er talið það sem áður sagði um efnið klónazepam.

Með framlagðri matsgerð og vitnisburði Jakobs Kristinssonar, dósents í eiturefnafræði, fyrir dóminum er sannað að í ákærða hafi verið ólögleg efni við aksturinn. Þegar litið er til eindreginnar neitunar ákærða og vitnisburðar Jakobs Kristinssonar um að ekki verði fullyrt að ákærði hafi verið ófær um að stjórna bifreið örugglega vegna lyfja- og efnaneyslu, verður að telja ósannað að ákærði hafi vegna þeirrar neyslu sinnar verið ófær um akstur eins og honum er gefið að sök í ákæru.

Í ákæru er ákærða einnig gefið að sök að hafa ekið umrætt sinn ófær um að stjórna ökutækinu örugglega vegna svefnhöfði. Með framburði ákærða sjálfs um að hann hafi verið mjög þreyttur og syfjaður og dottað og loks sofnað undir stýri, vætti vitnisins Jónasar Ómars um að bifreið ákærða hafi rásað á veginum og að nokkru leyti með stoð í vætti vitnisins Guðmundar Sæmundssonar lögreglumanns um að ákærði hafi um hádegisbil sofið svo fast að ekki hefði verið unnt að ná sambandi við hann til að taka af honum þvagsýni, verður að telja sannað að ákærði hafi vegna svefnleysis, svefnhöfði og þreytu verið ófær um að stjórna ökutæki örugglega umrætt sinn. Hefur ákærði með þeirri háttsemi gerst sekur um brot gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og verður hann því sakfelldur.

### *Refsiákvörðun o.fl.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tíu sinnum áður verið fundinn sekur um refsivert brot. Ákærði var hinn 30. júní 2004 dæmdur í 10 mánaða fangelsi fyrir hegningarlaga brot og fikniefnabrot. Voru eftirstöðvar refsingar þá dæmdar með en ákærði hafði rofið reynslulausnarskilyrði. Hinn 29. september sama ár var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir hegningarlaga brot og fikniefnabrot. Ákærði var dæmdur til greiðslu 30.000 króna sektar 5. júlí 2005 fyrir fikniefnalaga brot og þjófnað en dómurinn var að hluta til hegningarauki. Ákærði hlaut eins árs reynslulausn á 180 daga eftirstöðvum refsingar 11. júlí 2005. Með dómi 11. maí sl. var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir tilraun til þjófnaðar, fikniefnabrot og líkamsárás og var þá tekið tillit til rofa á skilyrðum reynslulausnar. Loks var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi 31. maí sl. Lauk hann afplánun 5. september sl. Brot ákærða nú er framið áður en tveir síðasttaldir dómur frá því í maí sl. voru kveðnir upp. Verður því að ákveða refsingu fyrir brot það sem hann er nú dæmdur fyrir sem hegningarauka við þá dóma sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómunum frá því í maí sl. var ákærði samtals dæmdur í 13 mánaða fangelsi. Þegar litið er til þess að við broti ákærða nú liggur sektarrefsing verður talið að refsing ákærða samkvæmt fyrrgreindum dómum hefði ekki orðið þyngri þótt þetta mál hefði verið dæmt með. Eru því ekki efni til þess að gera ákærða frekari refsingu.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir að aka bifreið þegar hann var þannig á sig kominn að hann var ekki fær um að stjórna henni örugglega. Ákærði lýsti því sjálfur að hann hefði ítrekað dottað undir stýri og loks sofnað og misst bifreið sína út af veginum þannig að hún lenti á hvolfi utan vegar umrætt sinn. Með háttsemi sinni hefur ákærði gerst sekur um vítaverðan akstur og verður, með hliðsjón af þessu framferði ákærða, að telja varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki. Verður hann því sviptur ökurétti í 2 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Eftir niðurstöðu málsins ber ákærða að greiða allan sakarkostnað málsins, 383.323 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem teljast hæfilega ákveðin 162.000 krónur að meðtöldum

virðisaukaskatti.

Ásgeir Eiríksson, fulltrúi sýslumanns, flutti málið fyrir ákærvaldið.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð**

Ákærða, Mána Freysteinssyni, verður ekki dæmd sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 383.323 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem teljast hæfilega ákveðin 162.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arnfríður Einarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofa Héraðsdóms Reykjaness 22.11.2006